

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. mars 2002


Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (194. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. mars 2002, varðandi umsögn um 194. mál, frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um frumvarpið eins og það liggur fyrir.

BHM leggst alfarið gegn frumvarpinu og væntir þess að fulltrúar BHM fái tækifæri til þess að rökstyðja afstöðu bandalagsins munnlega fyrir nefninni verði frumvarpið ekki dregið til baka.

Frumvarpið og rök flutningsmanna standast ekki félagslegan, lagalegan eða pólitískan raunveruleika á Íslandi og fæli í sér rof á sátt allra aðila á vinnumarkaði um lífeyrismál yrði frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi. Í því sambandi skal áréttað sú afstaða BHM að gildandi fyrirkomulag í lífeyrismálum hafi um áratugaskeið gefist vel og sé nú til fyrirmyndar öðrum löndum. Þá hafa bæði Hæstiréttur og nú síðast EFTA-dómstóllinn staðfest að skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóði – hvort sem er með lögum eða kjarasamningum – standist stjórnarskrá og þjóðréttarskuldbindingar Íslands.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.